



## Aukinn slaki boðaður í fjármálastefnu hins opinbera

*Fjármálaráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um breytingu á fjármálastefnu í átt að meiri slaka. Jafnframt eru lagðar til breytingar á fjármálaáætlun 2020-2024 sem nú er til afgreiðslu á Alþingi. Í stað jákvæðrar afkomu upp á u.þ.b. 1% af VLF á árunum 2019-2021 er nú gert ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 0,3-0,4% af VLF á þessum árum.*

Áform um þróun opinberra fjármála byggja mikið á stöðu hagkerfisins og hvers er að vænta í þeim efninum. Áform um fjármál ríkisins eru byggð á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Í nóvember 2017, þegar unnið var að gildandi fjármálastefnu, gerði Hagstofan ráð fyrir uppsöfnuðum 17% hagvexti á árunum 2018-2023. Ný þjóðhagsspá Hagstofunnar frá í maí gerir hins vegar ráð fyrir 0,2% samdrætti landsframleiðslunnar í ár og uppsöfnuðum hagvexti upp á 16% á árunum 2019-2023. Á árinu 2017 var gert ráð fyrir uppsöfnuðum hagvexti upp á 13,3% 2019-2023. Til samanburðar var nú í maí gert ráð fyrir uppsöfnuðum hagvexti upp á 10,7%. Eina frávikið í langtímaspá Hagstofunnar er því árið í ár, og þar að auki varð hagvöxtur á árinu 2018 mun meiri en reiknað var með, eða sem nemur einu og hálfu prósentustigi.


Þau rök að spár um hagvöxt réttlæti breytingu á fjármálastefnu vega því ekki þungt og væntanlega hefði mátt ná fram álíka breytingum innan marka núgildandi stefnu og áætlunar.

### Flókin umræða um umgjörð

Samkvæmt lögum á Fjármálaráð að gefa umsögn um fjármálastefnu og -áætlanir og breytingar þar á. Fjármálaráð hefur á undanförunum árum verið nokkuð gagnrýnið á innihald og framkvæmd fjármálastefnu og -áætlana. Þannig benti ráðið á það á sínum tíma að núgildandi fjármálastefna hefði verið unnin á mjög knöppum tíma og það sama megi segja um tillögur um endurskoðun nú.


Varðandi stöðuna nú eru aðallega uppi tvær spurningar. Í fyrsta lagi hvort um sé að ræða fullgilt tilefni til þess að endurskoða stefnuna og í öðru lagi

Breyting á afkomumarkmiði hins opinbera



Heimild: Alþingi, Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Breytingar frá tillögu að fjármálaáætlun 2020-2024



Heimild: Alþingi, Fjármála- og efnahagsráðuneyti



hvort tillögur til endurskoðunar séu líklegar til þess að árangur náist.

Umfjöllun um formið er mikil. Þannig lítur [Fjármálaráð](#) á að hér sé ekki verið að leggja fram nýja fjármálastefnu heldur sé um að ræða breytingu á gildandi fjármálastefnu.

### ***Tilfni ekki nægilegt***

Eins og sagði hér að framan getur breyting milli þessara tveggja þjóðhagsspáa vart talist tilfni til þess að breyta fjármálastefnu. Fjármálaráð bendir einnig á þetta og telur einnig að tillögur um endurskoðun séu að einhverju leyti tilkomnar vegna veikleika í fjármálastjórn, en ráðið hefur áður viðrað þá skoðun sína í umsögnum. Ráðið telur þannig að stjórnvöld hafi átt erfitt með að líta á töluleg markmið stefnunnar sem lágmarksviðmið fyrir afkomu. Framkvæmd stjórnvalda hafi á síðustu árum verið þannig að halda afkomu, tekju- og útgjaldaráðstöfunum við lágmarksviðmiðið. Augljós afleiðing þess er að erfitt sé að bregðast við þegar áföll dynja á eins og staðan er núna. Fjármálaráð lítur þannig á þessa framkvæmd sem veikleika í fjármálastjórn sem sé heldur ekki ein og sér ástæða til þess að endurskoða fjármálastefnuna.


### ***Fleiri þættir koma til***

Í umsögn Fjármálaráðs kemur einnig fram að sá samdráttur sem spáð er fyrir hagkerfið sé ekki einn og sér nógu mikill miðað við þann alvarleika sem lagaákvæði um endurskoðun kveður á um. Aðstæður eru hins vegar þannig nú að saman fari bæði veikleikar í fjármálastjórn og skellur í efnahagsstarfseminni. Til samans geri þessir þættir stjórnvöldum erfitt um vik að beita hefðbundnum niðurskurðarúræðum og frekari tekjuöflun.

Fjármálaráð bendir hins vegar á að nýjar upplýsingar séu sífellt að koma fram sem geti bent til þess að þróunin verði minna hagfelld en Hagstofan spáir fyrir um, t.d. neikvæð tíðindi úr ferðaþjónustu. Óvissan framundan sé þannig mikil og talsverðar líkur á að samdrátturinn geti orðið lengri og skarpari en maíspá Hagstofunnar gefi til kynna.


Það eru ekki bara spárnar sem bregðast. Afkoman getur líka orðið síðri en ætlað var. Þannig var afkoma sveitarfélaganna mun lakari en gert var ráð fyrir í fyrra. Reiknað var með að afkoman yrði

**Hagvöxtur skv. spám Hagstofunnar**



Heimild: Hagstofa Íslands

**Heildargjöld ríkis og sveitarfélaga**



Heimild: Fjármálaáætlun 2020-2024




jákvæð um 0,2% af VLF, en hún varð svo neikvæð um 0,1% af VLF. Afkoman varð þannig ekki sú sem stefnt var að samkvæmt áætlun og það gæti gerst aftur á þessu ári.

### **Skuldastaðan**

Skuldir hins opinbera hafa lækkað mikið á síðustu árum og fóru undir 30% markið miðað við VLF um síðustu áramót, fyrr en gert var ráð fyrir í áætlunum. Gert er ráð fyrir því að skuldir haldi áfram að lækka, en með minni hraða en verið hefur. Það hefur gengið vel að lækka skuldir og fyrir vikið stendur hið opinbera sterkara fyrir gagnvart áföllum en ella.

### **Rétt að endurskoða**

Lokaniðurstaða Fjármálaráðs er að samantekið sé þrátt fyrir allt rétt að endurskoða fjármálastefnuna nú. Þar vegur þyngst að merki séu um að samdrátturinn verði dýpri og lengri en nú sé reiknað með. Verði stefnan ekki endurskoðuð nú sé líklegt að þess þurfi í náginni framtíð.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.